

31

12. marz

ERINDISBRÉF

fyrir skoðunarmenn verksmiðja og véla utan I. skoðunarumdæmis.

Starf skoðunarmanna skal einkum fólgið í því, sem hér greinir:

Undir eftirlit hvers skoðunarmanns heyra öll eftirlitsskyld fyrirtæki innan umdæmis hans, að undanskildum þeim fyrirtækjum, sem nota eimkatla með meira en 6 m² hitaflæti, eða með samtals meira en 50 hö. aflvélar, þó með þeim undantekningum, sem skoðunarstjóri ákveður í einstökum tilfellum.

Skoðunarmaður skal ferðast um umdæmi sitt í samráði við skoðunarstjóra og skoða öll eftirlitsskyld fyrirtæki, sem undir eftirlit hans heyra innan umdæmisins, að jafnaði einu sinni á ári. Skal hann lita eftir því, að öllum fyrirmælum um öryggisbúnað og hollustuhætti á vinnustöðvum, sem krafizt er í lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sé framfylgt og leiðbeina iðnrekendum og öðrum, er slík mál varða, um allt, er við kemur öryggi og hollustuháttum á vinnustöðvum, hvort heldur er úti eða inni.

Ársfjórðungslega skal hver skoðunarmaður gefa skoðunarstjóra skýrslu yfir starf sitt. Einnig ber skoðunarmanni að vera umboðsmaður skoðunarstjóra og framkvæma skyndiskoðanir, sé þess óskað, til dæmis ef slys eða annað óvænt ber að höndum.

Fyrir starf sitt fær hver skoðunarmaður þóknun, sem nemur helmingi af skoðunargjöldum þeirra fyrirtækja, sem hann skoðar, samkvæmt gjaldskrá, eins og hún er á hverjum tíma.

Skoðunarmenn fá greiddan ferðakostnað úr rikissjóði samkvæmt reikningum, er ráðuneytið úrskurðar, og fæðispeninga á ferðum, samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Skoðunarmenn skulu undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji inna starf sitt af hendi samvirkusamlega.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

32

5. marz

REGLUGERÐ

um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

Happdrætti háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu háskóla Íslands. Heimili þess, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn happdrættis háskólans er í höndum þriggja manna nefndar, sem háskólaráð kys til þess í lok hvers árs fyrir næsta ár á eftir. Stjórnarnefndin kys sjálf formann sinn og skiptir á annan hátt störfum sín á milli. Nefndin heldur fundi, eftir því, sem þörf krefur, og eru þeir lögmætir, ef meiri hluti nefndarmanna er á fundi. Ályktanir nefndarinnar eru lögmætar, ef meiri hluti nefndarmanna er þeim samþykktur. Bókfæra skal gerðir funda, og gerðabók skal lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar. Þóknun nefndarmanna ákveður háskólaráð.